

# STOLTGANGAN 3. SEPTEMBER!

## Afhverju Stoltganga?

Við sem erum með þroskahömlun viljum sýna öllum að við erum stór hópur, trúum á okkur sjálf og að með viðeigandi aðstoð getum við tekið fullan þátt í samfélaginu.

Við eigum rétt á því að fá þá aðstoð og munum stolt óska eftir henni.

Þroskahömlun er aðeins hluti af lífi okkar og á ekki að koma í veg fyrir að við getum lifað góðu og sjálfstæðu lífi.

Margt hefur breyst í lífi okkar sem gleður okkur. Við viljum sjálf taka meiri þátt í þeim breytingum sem fram undan eru. Það gerum við með því að vera sýnileg og taka þátt í samfélaginu með öðrum.

*Ekkert um okkur án okkar!*

## Hvar og hvenær verður gangan?

Við ætlum að ganga frá Austurvelli og að Norræna húsinu laugardaginn 3. september og er mæting á Austurvöll kl 11:30 og gangan hefst kl. 12:00

Í göngunni verður fjör, gleði og gaman. Eftir gönguna verður síðan margt skemmtilegt og áhugavert um að vera við Norræna húsið á Fundi fólksins.

### Komdu með!

Það skiptir miklu máli fyrir okkur öll að allir mæti. Þú mætir og býður með vinum þínum og fjölskyldu, aðstoðarfólki og öllum öðrum sem þú þekkir.

Saman erum við: STERK, STOLT OG SÝNILEG!

***Sjáumst í Stoltgöngunni laugardaginn  
3. september kl 11:30 !***

